



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2016

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stuðning Íslands við að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla, 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 68 – 68. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Tillagan gerir ráð fyrir stuðningi Íslands við að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla.

MRSÍ styður þingsályktunartillöguna heilshugar og telur alþjóðlegt bann við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla nauðsynlegt. Slíkar vélar eru gagnert búnar til og beitt til að valda skaða og er því að mati MRSÍ engin ástæða fyrir því að Ísland styðji slíka framleiðslu.

Fögnum við því þingsályktuninni án athugasemda.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri